

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu
Miðvikudaginn 10. maí 2023, klukkan 17:00

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu, kt. 710599-2979, Borgartúni 35, 105 Reykjavík (hér eftir „FKA“ eða „félagið“), var haldinn í Nauthóli að Nauthólsvegi 106, 102 Reykjavík og með rafrænum hætti í gegnum streymi klukkan 17:00 miðvikudaginn 10. maí 2023.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi í samræmi við fundarboðun og lög félagsins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.
4. Ákvörðun félagsgjalds.
5. Skýrslur starfsnefnda og deilda.
6. Lagabreytingar.
7. Kjori formanns, stjórnar, nefnda og ráða.
8. Kosning skoðunarmanns og vara skoðunarmanns.
9. Önnur mál.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Sigríður Hrund Pétursdóttir, formaður FKA setti fundinn fyrir hönd stjórnar og bauð félagskonur velkomnar. Hún lagði fram tillögu um að tilnefna Ragnheiði Aradóttur, eiganda og framkvæmdastjóra PROevents og PROcoaching sem fundarstjóra. Fundarstjóri tilnefndi Önnu Þórdísi Rafnsdóttur, forstöðumann sjálfbærni hjá Kviku banka sem fundarritari. Enginn hreyfði andmælum og voru tillögurnar samþykktar.

Fundarstjóri fór næst yfir dagskrá og lögmæti fundarins. Til fundarins var boðað með lögbundnum hætti í samræmi við lög FKA. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan og var hann ákvarðanabær.

2. Skýrsla stjórnar

Sigríður Hrund Pétursdóttir, formaður FKA, fór yfir skýrslu stjórnar og starfsemi félagsins á liðnu starfsári, þar á meðal verkefni, stefnumótun, vinnu við endurskoðun laga félagsins, viðburði, ferðir, alþjóðatengsl og samstarf við ýmsa aðila. Unnur Elva Arnardóttir varaformaður stjórnar FKA tók hluta umfjöllunar undir þessum dagskrárlið og fór yfir jafnvægisvog FKA 2022 – ráðstefnu um jafnréttismál kynjanna, jafnréttisviðurkenningar og þau markmið sem jafnvægisvuginni er ætlað að ná. Unnur Elva fór einnig yfir skipan jafnvægisvogaráðs og starf. Þá fór Guðrún Gunnarsdóttir stjórnarkona FKA yfir viðurkenningarhátíð FKA 2023, undirbúning, skipan dómnefndar og viðurkenningarhafa. Einnig fór Dóra Eyland stjórnarkona yfir sýnileikadag FKA 2023 og þakkaði öllum þeim sem komu að þessum flotta viðburði. Að lokum fór Sigríður yfir skipulag aðalfundar 2023 og fyrirkomulag rafrænna kosninga á kjörvef FKA. Þá þakkaði Sigríður fráfarandi stjórnarkonum og félagskonum fyrir stuðninginn á starfsárinu.

3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar

Katrín Kristjana Hjartardóttir, gjaldkeri stjórnar fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár en reikningurinn var birtur félagskonum á kjörvef félagsins. Niðurstaða rekstrar liðins árs var jákvæð og nam hagnaður kr. 1.664.473. Eigið fé var einnig jákvætt í árslok að fjárhæð kr. 29.583.957. Katrín kom inn á það að beina þarf fjármunum í sjálfvirknivæðingu félagsins og aukna þjónustu við félagskonur. Þegar reikningur félagsins hafði verið kynntur opnaði fundarstjóri fyrir umræður. Fram kom ein ábending sem tengdist úthlutun fjármuna og svaraði gjaldkeri því að sundurliðun kemur fram í ársreikningi. Eftir umræður og fyrirspurnir var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar fundarins rafrænt og var hann samþykktur með meirihluta atkvæða.

4. Ákvörðun félagsgjalda

Fundarstjóri fór yfir tillögu sem lögð var fyrir fundinn um hækkun á félagsgjaldi úr kr. 27.000 í kr. 28.400 sem er um 6% hækkun frá þar síðasta ári. Gengið var til rafrænna kosninga á kjörvef FKA um tillöguna og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

5. Skýrslur starfsnefnda og deilda

Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA fór yfir liðið starfsár hjá nefndum og deildum félagsins sem dreifðar eru um allt landið. Á árinu störfuðu sjö starfsnefndir og þrjár deildir. Þá störfuðu fjórar landsbyggðardeildir. Fjölbreytt og gott starf fór fram hjá öllum einingum um land allt sem gerð voru góð skil á.

6. Lagabreytingar

Á fundinum voru bornar upp tillögur að 16 lagabreytingum sem voru aðgengilegar félagskonum á kjörvef félagsins. Fundarstjóri bar undir fundinn að í stað þess að fundarstjóri færi yfir lagabreytingarnar yrði það lagt í hendur félagskvemma að renna yfir breytingarnar sjálfar á kjörvef. Gerð var athugasemd við það fyrirkomulag og var tillagan því ekki samþykkt. Fundarstjóri fór þá yfir allar tillögur um lagabreytingar. Eftir yfirferð var farið yfir fyrirspurnir og þeim svarað. Þar á meðal fór fulltrúi kjörstjórnar yfir fyrirkomulagið við vinnslu þeirra tillagna sem bornar voru upp um lagabreytingar. Opið var fyrir rafræna kosningu um lagabreytingarnar á kjörvef FKA. Fundarstjóri kunngerði niðurstöður kosningarinnar en allar lagabreytingar voru samþykktar með miklum meirihluta.

7. Kjör formanns, stjórnar, nefnda og ráða

Katrín Kristjana gjaldkeri og jafnframt fulltrúi kjörstjórnar FKA tók næst til máls og kynnti niðurstöður kosninga á kjöri formanns, stjórnar, nefnda og ráða, sem félagskonur hafa tekið þátt í síðastliðna tvo daga fyrir aðalfund rafrænt á kjörvef FKA en lokað var fyrir kosningu klukkan 15:00 þann 10. maí.

Í máli Katrínar kom fram að fyrirkomulagið að þessu sinni væri það að kosnar væru þrjár konur í aðalstjórn til tveggja ára og ein til eins árs. Þá voru þrjár konur kosnar í varastjórn til eins árs.

Fjöldi atkvæða í kosningu var 294 og voru 5 auðir seðlar. Atkvæði skiptust þannig:

- Andrea Ýr Jónsdóttir hlaut 154 atkvæði
- Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir hlaut 115 atkvæði
- Erla Björg Eyjólfsdóttir hlaut 85 atkvæði
- Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir hlaut 115 atkvæði
- Grace Achieng hlaut 177 atkvæði
- Helga B. Steinþórsdóttir hlaut 130 atkvæði
- Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir hlaut 117 atkvæði

Niðurstaða kosningarinnar var sú að Grace Achieng, Andrea Ýr Jónsdóttir og Helga B. Steinþórsdóttir voru kjörnar í stjórn FKA til tveggja ára. Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir var kjörin í stjórn FKA til eins árs. Þá var Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir kosin fyrsta varakona inn í stjórn, næst var Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir og síðan Erla Björg Eyjólfsdóttir.

Eitt framboð barst í embætti formanns stjórnar og var Unnur Elva Arnardóttir sjálfkjörin sem formaður.

Guðrún Hulda Ólafsdóttir fulltrúi kjörstjórnar kynnti næst niðurstöður um kosningu í starfsnefndir FKA 2023-2024 og fyrirkomulag ráða sem teljast ekki fullmönnuð að sinni.

8. Kosning skoðunarmanns og vara skoðunarmanns

Tillaga var borin upp um að Nanna G. Waage Marinósdóttir hjá NGM bókhaldsþjónustu yrði kjörin skoðunarmaður reikninga og að Ingibjörg Guðmundsdóttir, eigandi DMC I Travel yrði kosin skoðunarmaður til vara. Enginn hreyfði við andmælum og var tillagan samþykkt.

9. Önnur mál

Fundarstjóri bauð félagskonum að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Sigríður Hrund fráfarandi formaður tók til máls og þakkaði fyrir sig og gaf félaginu grip til eignar, formannskefli FKA og greindi frá sögu gripsins, sem Unnur Elva nýr formaður tók við fyrir hönd félagsins.

Engar frekar athugasemdir bárust og bauð fundarstjóri þá fundarritara til að lesa upp fundargerðina upp til athugasemda. Ein athugasemd barst og var brugðist við henni. Fundargerðin var þá lögð undir félagskonur og hreyfði enginn við andmælum.

Að lokum þakkaði fundarstjóri félagskonum fyrir góðan fund og var fundi slitið kl. 19:30.

Þannig gert í Reykjavík
10. maí 2023

Sigríður Hrund Pétursdóttir
fráfarandi formaður

Ragnheiður Aradóttir, fundarstjóri